



Reglur um launakjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá Grímsnes- og Grafningshrepp

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar byggja á samþykktum um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps 1326/2024 með síðari breytingum. Reglurnar fjalla um þóknun fyrir störf sveitarstjórnarmanna og nær einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Markmið

Markmið með reglum um launakjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og nefndarmanna hjá Grímsnes- og Grafningshrepp er:

- Að fulltrúar fái laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar njóti kjara sem eru sambærileg því sem gerist á almennum vinnumarkaði, í sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð í þágu sveitarfélagsins.

3. gr.

Fundir

Sveitarstjórnarfulltrúar eru 5 og kjörnir í almennum sveitarstjórnarkosningum. Nefndum á vegum sveitarfélagsins er skipt niður í eftirfarandi flokka:

- Sveitarstjórn
- Fastanefndir
- Aðrar nefndir, stjórnir og ráð
- Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar og fundasetur sem falla ekki undir liði a-c.

Almenn skilgreining á fundi er sú að til hans sé boðað með dagskrá og um hann rituð fundargerð eða minnisblað.

4. gr.

Viðmiðunarfjárhæð

Laun fyrir störf í sveitarstjórn, ráðum og nefndum skulu nema skilgreindum hundraðshluta af þingfarakaupi sem er í gildi að hverju sinni. Þingfarakaup frá 1. júlí 2025 er kr. 1.611.288. Laun sveitarstjórnar og nefndarmanna eru samkvæmt því hlutfalli sem fram kemur í greinum hér á eftir. Sveitarstjórn getur ákveðið aðra hlutfallsskiptingu ef breyting verður á fyrirkomulagi eða störfum sveitarstjórnar. Þingfarakaup er ákveðið í samræmi við lög um þingfarakaup alþingismanna og þingfarakostnað nr.88/1995, með síðari breytingum.



5. gr. Laun

Launum sveitarstjórnarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna starfa þeirra í þágu sveitarfélagsins, en þau snúa að stefnumótun, eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins og gæslu hagsmuna fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Meðal þeirra starfa sem um ræðir eru fundarsetur í ráðum og nefndum, þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmál, þátttaka í fundum við aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, undirbúningur fyrir fundi, rýni gagna sem varða sveitarstjórnarmál, lestur ýmissa skýrsla og fundargerða, samskipti við íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins.

Launum annarra kjörinna fulltrúa og nefndarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna undirbúnings og þátttöku í fundum viðkomandi nefnda eða ráða, þannig að nefndarmenn geti verið vel inni í þeim málum sem til umfjöllunar eru.

Laun sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna og fulltrúa í vinnuhópum eru eftirfarandi hlutfall af þingfararkaupi:

Sveitarstjórn:

- Oddviti fast 50% á mánuði.
- Sveitarstjórnarmenn fast 10% á mánuði.
- Varamenn 5% fyrir hvern setinn fund.

Aðrir fundir en sveitarstjórnarfundir sem sveitarstjórnarmenn taka þátt í eru greiddir. Til þess að greitt verði fyrir fundi þarf viðkomandi sveitarstjórnarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt mælst til þess af oddvita/sveitarstjóra að hann mæti. Sveitarstjóra ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

Fyrir heilan dag er greitt 3% af þingfararkaupi.

Fyrir hálfan dag er greitt 1,5% af þingfararkaupi.

Að auki er greiddur akstur skv. akstursdagbók fyrir alla kjörna fulltrúa.

Oddviti fær ekki greitt sérstaklega fyrir slíka fundarsetu.

Sveitarstjórnarmenn þurfa að nota tíma- og viðverukerfið Tímon til að stimpla sig inn á fundi á vegum sveitarfélagsins til að fá greitt fyrir fundarsetu.

Ráð og nefndir:

- Formaður 2% fyrir setinn fund.
- Almennir nefndarmenn 1% fyrir setinn fund.

Hjá kjörstjórn er kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga metinn sem sex fundir en aðrir kjörfundir svo sem Alþingiskosningar sem fimm fundir. Greitt er sérstaklega fyrir akstur samkvæmt aksturdagbók. Varamenn fá greidda tvo fundi fyrir kosningar.

Hjá atvinnu- og menningarnefnd er 17. júní metinn sem þrír fundir, verði aðrir viðburðir á vegum nefndarinnar þarf nefndin að óska eftir heimildum fyrirfram.

Ef fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins fara á fundi utan heimabyggðar fá þeir greidd fundarlaun nefnda fyrir hvern fund auk aksturs skv. aksturdagbók. Til þess að greitt verði fyrir fundi utan heimabyggðar þarf viðkomandi nefndarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til



fundarsetunnar eða á annan hátt mælt til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

Sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um fundi og akstur til sveitarstjóra. Almennt er fjöldi funda hjá fastanefndum að lágmarki 4 á ári og að hámarki 10 á ári nema um annað sé samið eða annað standi í erindisbréfi nefndar.

6. gr.

Sérskipaðar nefndir sveitarstjórnar

Í samþykktum um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps segir að “sveitarstjórn getur skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er”. Allar sérskipaðar nefndir skulu fá erindisbréf með hlutverki og starfstíma. Nefndirnar skulu skila fundargerðum til sveitarstjórnar enda skipaðar af sveitarstjórn.

7. gr.

Tölvupóstur

Allir aðal- og varamenn í sveitarstjórn fá netfang sem endar á @gogg.is og þangað eru tölvupóstar frá sveitarfélaginu sendir. Allir formenn nefnda geta einnig óskað eftir því að fá netföng frá sveitarfélaginu. 3 mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar er netföngum lokað hjá þeim sem ekki halda áfram störfum fyrir sveitarfélagið. Allir með netfang á vegum sveitarfélagsins eru hvattir til að kynna sér reglur um notkun tölvupósts. Allan einkatölvupóst skal geyma í sérmöppu sem merkt er einkamál.

8.gr.

Gervigreind, workpoint og fleira

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur áherslu á að starfsfólk og kjörnir fulltrúar fái fullnægjandi fræðslu og stuðning við notkun gervigreindar á vegum sveitarfélagsins. WorkPoint er funda- og skjalavistunarkerfi sveitarfélagsins og eru sveitarstjórnar- og nefndarfundir á vegum sveitarfélagsins boðaðir í gegnum það.

9. gr.

Lífeyrissjóður

Nefndarmenn/Sveitarstjórnarfulltrúar greiða Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga A-deild, 4% af heildarlaunum í iðgjald. Grímsnes- og Grafningshreppur greiðir mótframlag vinnuveitanda eins og það er á hverjum tíma samkvæmt reglum sjóðsins og kjarasamningi FOSS, félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Sambands íslenskra sveitarfélaga, nú 11,5%. Nefndarmenn geta þó óskað eftir að greiða í annan lífeyrissjóð.



10. gr. Veikindaréttur

Sveitarstjórnarmenn eru á föstum mánaðarlaunum og eiga rétt á veikindaleyfi vegna veikinda eða slysa í allt að þrjá mánuði en þó eigi lengur en til loka kjörtímabils. Greiðslur vegna veikinda miðast við föst laun. Forfallist formenn ráða og nefnda í lengri tíma en einn mánuð tekur varaformaður laun sem formaður á meðan hann gegnir því starfi.

11. gr. Fæðingar- og foreldraorlof

Um rétt sveitarstjórnarmanna og nefndarmanna til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

12. gr. Tryggingar

Sveitarstjórnarmenn eru tryggðir með sama hætti og starfsmenn Grímsnes- og Grafningshrepps samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS, Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi. Um rétt til launa vegna óvinnufærni í kjölfar slysa fer eftir 7. gr.

13. gr. Laun í orlofi

Sveitarstjórnarmenn fá greidd full laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur. Ekki er greitt orlof á laun samkvæmt reglum þessum.

14. gr. Ferða- og gistikostnaður

Greiddur er ferða- og gistikostnaður vegna þátttöku í fundum, ráðstefnum, þingum og kynnisferðum utan Grímsnes- og Grafningshrepps sem sveitarstjórnarmönnum er gefinn kostur á að sækja. Útlagður kostnaður sveitarstjórnarmanns er greiddur gegn framlögðum reikningum.

15. gr. Vinnuaðstaða

Sveitarstjórnarmönnum býðst að nýta sér vinnuaðstöðu í Stjórnsýsluhúsinu Borg. Allur almennur skrifstofubúnaður sem sveitarstjórnarmenn get nýtt sér, er til staðar, s.s. til ljósritunar og prentunar.

16. gr. Fundaaðstaða

Sveitarstjórnarmönnum býðst að bóka fundaaðstöðu fyrir fundi í fundabókunarkerfi sveitarfélagsins í gegnum Outlook.



17. gr. Fartölvur

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn fá fartölvur vegna starfa sinna. Merkja skal fartölvur og skrá eins og aðrar eigur sveitarfélagsins. Láti sveitarstjórnarmaður af störfum á kjörtímabili afhendir hann eftirmanni sínum í sveitarstjórn fartölvuna til afnota ef innan við tvö ár eru síðan búnaðar var keyptur. Ef búnaðurinn er eldri en tveggja ára þá eignast sveitarstjórnarmaðurinn fartölvuna og búnaðurinn er afskráður hjá sveitarfélaginu.

18. gr. Sí- og endurmenntun

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal veita samþykki sitt vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og skal samþykki liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

19. gr. Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á 606. fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 15. desember 2025 og taka þegar gildi.

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps